

# ERINDISBRÉF

## Starfshópur um málefni fanga

Ábyrgðarmaður: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

### Inngangur:

Málefni fanga sem ljúka afplánun hafa talsvert verið til umræðu í samfélaginu að undanfögnu. Á opnum fundi velferðarráðs sem haldinn var um málefnið 8. nóvember síðastliðinn kom m.a. fram að fongum finnst flókið og erfitt að sækja þann stuðning sem stendur til boða hjá ríki og sveitarfélögum. Tilgangur verkefnisins er að öðlast yfirsýn yfir aðstæður og þau úrræði sem bjóðast einstaklingum sem eru í afplánun og eru að ljúka afplánun, með tillit til þeirrar þjónustu og þess stuðnings sem Reykjavíkurborg gæti veitt þeim. Í því sambandi er mikilvægt að eiga samræður við aðra þá aðila sem koma að þjónustu og stuðningi við fanga. Jafnframt að leggja fram tillögur um hvernig best megi koma á mótis við þjónustuparfir þeirra einstaklinga sem eru í afplánun eða að ljúka henni og auðvelda þeim aðlögun að samfélaginu að nýju.

### Hlutverk:

Kortleggja þjónustuúrræði fyrir einstaklinga sem eru í afplánun eða eru að ljúka afplánun m.t.t möguleika á framfærslu, húsnæði, atvinnu, virkni og endurhæfingu og greina þær hindranir sem koma í veg fyrir að einstaklingur nái að aðlagast samfélaginu.

Að leggja fram tillögur að félagslegri þjónustu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar við fanga sem eru í afplánun eða eru að ljúka afplánun með áherslu á aðlögun þeirra að samfélaginu og samstarf við þar til bæra aðila.

Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar lög og reglugerðir er varðar félagslega þjónustu sveitarfélaga svo og annað efni er lýtur að málefnum fanga.

Markmið starfshópsins er að móta tillögur að félagslegri þjónustu við fanga. Skýra verklag og leiðir milli þjónustu sem annars vegar ríkið veitir fongum og hins vegar Reykjavíkurborg og hvernig haga megi samstarfinu á milli aðila. Taka skal mið af reynslu notenda þjónustunnar og sambærilegum verkefnum að erlendri fyrirmynd.

### Starfshópurinn skipa:

Deildarstjóri áskrifstofu ráðgjafarþjónustu, formaður.

Ráðgjafar frá Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og Þjónustumiðstöð Breiðholts.

### Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu, eftir því sem við á, sem og hjá hagsmunaaðilum og notendum þjónustunnar. Hér er vert að nefna Fangelsismálastofnun ríkisins, geðsvið LSH, heilsugæsluna, Tryggingastofnun ríkisins, SÁÁ, Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu, Rauða krossinn, Vernd, Virk og Afstöðu, félag fanga.

**Starfstími:**

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok febrúar 2020.

Reykjavík, 11. nóvember 2019

Regína Ásvaldsdóttir

DRÖG